

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar nr. 1210/2005.

1. gr.

51. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

- A. Fulltrúar kjörnir til eins árs á fundi í júní ár hvert:
1. Oddviti sveitarstjórnar.
 2. Varaoddviti sveitarstjórnar.
- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjalli um málefni grunn-, leik- og tónlistarskóla. Nánar er mælt fyrir um hlutverk og skyldur í erindisbréfi.
 2. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjalli um málefni félagsþjónustu, málefni fatlaðra, málefni aldraðra, jafnréttismála, forvarna, áfengis- og vímuvarna og húsnæðismála. Nefndin fjalli enn fremur um æskulýðs- og íþróttamál í sveitarfélaginu. Nánar er mælt fyrir um hlutverk og skyldur í erindisbréfi.
 3. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjalli um markaðs-, atvinnu-, ferða- og orkumál. Nefndin fjalli um málefni landbúnaðarins s.s. búfjárhald og forðagæslu, fjallskil, skógrækt og landgræðslu og samgöngur. Nefndin hefur umsjón með refa- og minkaeyðingu og búfjargirðingum. Nefndin fjalli enn fremur um fasteignir í eigu sveitarfélagsins, kaup, viðhald, nýbyggingar o.fl. Nánar er mælt fyrir um hlutverk og skyldur í erindisbréfi.
 4. *Skipulags- og umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjalli um skipulagsmál, umhverfis- og hreinlætismál í sveitarfélaginu. Nefndin fjalli einnig um málefni slökkviliða og brunavarna. Nánar er mælt fyrir um hlutverk og skyldur í erindisbréfi.
 5. *Kjörstjórn.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.
 6. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.
 7. *Fjallskilastjórar.* Fimm fjallskilastjórar eru í Þingeyjarsveit, einn fyrir hverja deild og einn til vara skv. 40. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.
- C. **Til fjögurra ára.** Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir samkvæmt sérstökum samningum:
1. *Skipulags- og byggingarnefnd Suður-Þingeyinga.* Tveir fulltrúar og tveir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
 2. *Héraðsnefnd Þingeyinga.* Einn fulltrúi og annar til vara skv. 6. gr. samþykktar um héraðsnefnd Þingeyinga, sbr. 81. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 3. *Aðalfundur Eyþings.* Tveir aðalmenn og tveir til vara.
 4. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn aðalmaður og annar til vara.
 5. *Aðalfundur Sorpsamlags Þingeyinga.* Einn aðalmaður og annar til vara.
 6. *Aðalfundur Hvamms, dvalarheimilis aldraðra.* Einn aðalmaður og annar til vara.
 7. *Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.* Einn aðalmaður og annar til vara.
 8. *Búffjareftirlitsnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, nr. 41/1991.

D. Þá gerir sveitarstjórn, þegar það á við, tillögur um fulltrúa á aðalfundi ýmissa félaga sem Þingeyjarsveit á aðild að svo sem:

1. *Iðnbær ehf.*
2. *Fasteignafélagið Fosshóli ehf.*
3. *Tjarnir hf.*
4. *Tröllasteinn ehf.*
5. *Greið leið ehf.*
6. *Ýmis veiðifélög og fl.*

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. október 2006.

F. h. r.
Guðjón Bragason.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. október 2006